



Skýrsla um banaslys í umferðinni
Suðurlandsvegur við Meðallandsveg 4.8.2013
Málsnr. 2013-U012



Rannsóknir Rannsóknarnefndar samgönguslysa miða að því að leiða í ljós orsakir slyss til að koma í veg fyrir að sams konar slys verði aftur. Markmið nefndarinnar er ekki að skipta sök eða ábyrgð heldur stuðla að auknu öryggi í samgöngum sbr. lög um Rannsóknarnefnd samgönguslysa nr. 18/2013.

*Rannsóknarnefnd samgönguslysa
Húsi Flugbjörgunarsveitarinnar
Flugvallavegi
101 Reykjavík*

*Heimasíða:
www.rnsa.is*

*Tölvupóstfang:
rnu@rnu.is*

Suðurlandsvegur við Meðallandsveg 4.8.2013

Útafakstur

Látnar tvær stúlkur, 15 og 16 ára.

Samantekt

Slysið varð á Suðurlandsvegi við Meðallandsveg í Eldhrauni. Ökumaður fólksbifreiðar missti stjórn á bifreið eftir framúrakstur á miklum hraða. Ökumaður reyndi að halda bifreiðinni á veginum en hafnaði útaf vinstra megin. Valt bifreiðin í gegnum fjárgirðingu og út í hraun. Tvær stúlkur, farþegar í aftursæti köstuðust út úr bifreiðinni. Stúlkurnar voru 15 og 16 ára og létust báðar á vettvangi. Þær notuðu hvorugar bílbelti.

Aðstæður

Veður og birta: Dagsbirta, 5-7 m/sek, sólskin, þurr vegur.

Vegur:

Bundið slitlag. Hámarkshraði 90 km/klst.
522 ökutæki að meðaltali á dag (ÁDU).

Tími sólahrings:

14:53

Ökutæki:

Volkswagen Polo

Lýsing á slysi

Slysið varð klukkan 14.53 á Suðurlandsvegi við Meðallandsveg í Eldhrauni. Fólk í tveimur bifreiðum var í samfloti á leið frá Reykjavík og var ferð þeirra heitið að Jökulsárlóni. Í framburðarskýrslum kemur fram að veður hafi verið ágætt á leiðinni og akstursaðstæður góðar. Fólkið hafði stoppað a.m.k. tvisvar á leiðinni. Að þeirra sögn voru þau ekki á hraðferð en þó kom fram í lögregluskýrslum að ökuhraði á leiðinni var milli 100-120 km/klst á leiðinni austur. Slysið atvikaðist þannig að ökumaður annarrar bifreiðarinnar missti stjórn á henni skammt austan við afleggjara að Meðallandsvegi. Í lögregluskýrslu kemur fram að ökumaður áttaði sig ekki á hvað olli slysinu, en útilokaði ekki að hjólbarði hefði sprungið. Vitni í hinni bifreiðinni segja að hann hafi skömmu áður ekið framúr þeim á 130-140 km/klst. hraða og lent úti í lausamöl hægra megin í beinu framhaldi af framúrakstrinum. Ökumaður hafi síðan reynt að stýra bifreiðinni upp á veg aftur en farið yfir hann og hafnað útaf vinstra megin. Engin ummerki, gúmmí eða för eftir felgu, sáust á vettvangi sem gætu bent til þess að hjólbarði hafi sprungið.



Horft austur Suðurlandsveg. Sjá mátti för í hægri vegkanti þar sem keilan er og sveigför til vinstri á veginum.

Bifreiðin fór á hjólu um 30 metra leið eftir vegfláanum vinstra megin en fór síðan nokkrar veltur í gegnum fjárgirðingu og út í hraunið. Í veltunum köstuðust tvær stúlkur, farþegar í aftursæti, út úr bifreiðinni. Stúlkurnar voru 15 og 16 ára og létust báðar á vettvangi. Þær notuðu hvorugar bílbelti.

Þar sem bifreiðin valt utan vegar er hraunið úfið og hæðótt. Mikil ákoma var á afturenda bifreiðarinnar eftir að hún valt og er sennilegt að þá hafi komið gat á bensíntank hennar. Eldur kom upp í bifreiðinni þar sem hún endaði í hvilft framan við hraunhól. Ökumaður sem var í samfloti með hinum slösuðu kom fljótlega að slysinu og tókst að ná öikumanni og farþega í framsæti út úr bifreiðinni. Þau notuðu bæði bílbelti en hlutu mikil meiðsli við slysið.

Þar sem slysið varð er Suðurlandsvegur beinn með bundnu slitlagi. Engar vegaxlir eru en slitlagið er 6,8 metrar á breidd. Brotið var uppúr brúnum slitlagsins á köflum og vegurinn því misbreiður. Vegstikur eru meðfram veginum og yfirborðsmerking í miðju, fullbrotin lína. Flái

við veginn er 1:3 en umhverfi vegar 7 metra frá honum hæðótt og gróft mosavaxið apalhraun. Leyfilegur hámarkshraði þarna er 90 km/klst.



Horft í aksturstepnu (veltur) bifreiðarinnar utan vegar. Hraunið er um 7 metra frá veginum á slysstað. Bifreiðin brann á vettvangi og voru greinileg ummerki um það í mosanum.

Bifreiðin var af gerðinni Volkswagen Polo árgerð 2010. Bifreiðin brann á vettvangi og því erfitt að álykta um ástand hennar fyrir slysið. Hún var skoðuð ný árið 2010 og átti ekki að fara í skoðun aftur fyrr en 2014.



Mynd af bifreiðinni á vettvangi.

Áfengis- og lyfjamæling ökumanns leiddi í ljós að áfengi var í blóði hans, 0,2 prómill, en það er undir refsimörkum. Í framburðarskýrslu kom fram að hann hafði neytt áfengis kvöldið fyrir slysið.

Orsakagreining

- Ökumaður ók of hratt og missti stjórn á bifreiðinni í lausamöl eftir framúrakstur.
- Stúlkurnar sem létust notuðu ekki bílbelti og köstuðust út úr bifreiðinni.
- Þar sem slysið varð er Suðurlandsvegur mjór og engar vegaxlir á honum. Slitlagið er brotið í köntum og gróft hraun í nánasta umhverfi vegarins.
- Ökumaður var réttindalaus.

Ábendingar

Hraðakstur og bílbeltanotkun.

Hraðakstur og vanhöld á bílbeltanotkun eru tvær algengustu orsakir banaslysa í umferðinni og koma einnig við sögu í þessu slysi. Stúlkurnar sem létust í slysinu köstuðust út úr bifreiðinni þegar hún valt. Þær notuðu ekki bílbelti. Rannsóknarnefndin ítrekar fyrri ábendingar um að ökumenn og farþegar noti alltaf bílbelti, hvort sem setið er í fram- eða aftursæti.

Merkinga þörf til varnaðar gegn hraðakstri.

Í framburðarskýrslum ökumanna kemur fram að þeir óku Suðurlandsveg áleiðis að Jökulsárlóni á 100-120 km/klst. hraða. Þar sem slysið varð í Eldhrauni er Suðurlandsvegur mjór, slitlagið brotið í köntum, lausamöl utan við malbikið og gróft hraun í nánasta umhverfi vegarins. Vegurinn er ekki hannaður fyrir þennan mikla hraða og umhverfi hans slíkt að mikil hættu er á að ökutæki velti og aflagist illa við útafakstur.

Að mati rannsóknarnefndar samgönguslysa er mikilvægt að ráðist verði í aðgerðir til að draga úr hraðakstri á Suðurlandsvegi milli Víkur og Kirkjubæjarklausturs. Leggur nefndin til að eftirlit verði aukið og skoðað hvort hraðamyndavélar séu heppilegur kostur á þessum stað. Þá leggur nefndin til við Vegagerðina að skoða merkingar á veginum með það í huga hvort bæta megi úr, t.d. með fleiri merkjum um hámarkshraða eða leiðbeinandi merkjum um ástand vegar og umhverfis. Mikilvægt er að hafa í huga að mikil umferð ferðamanna er um veginn og eru margir þeirra óvanir íslenskum aðstæðum utan þéttbýlis.

Viðbrögð ökumanns þegar annað hjólið fer út fyrir bundið slitlag.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa hefur áður rannsakað alvarleg umferðarslys þar sem ökumaður missir annað hjólið út af bundnu slitlagi. Hætta er á að hann missi endanlega stjórn á bifreiðinni þegar sveigt er harkalega inn á veginn aftur eins og raunin varð í þessu slysi. Í slíkum tilfellum þarf ökumaður að meta hvort honum sé ekki betur borgið að stýra bifreiðinni beint út af veginum.

Skýrslan var samþykkt af:

**Geirprúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Inga Hersteinsdóttir**

**Reykjavík 7.júlí 2014
Rannsóknarnefnd samgönguslysa**